

Innviðasjóður
02 238

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstóðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Innviðasjóður

kt. 440490-2639

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Markmiðið með sjóðnum er að efla innlendar vísindarannsóknir með því að skapa nýja möguleika til rannsókna með fjármögnun tækjabúnaðar/aðstöðu sem ekki er aðgengileg nú þegar (lög nr. 3/2003).

Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 290 milljónir og afkoma kr. -15,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 2,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 775 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Innviðasjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Innviðasjóðs fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hallgrímur Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Framlög ríkissjóðs	2	140.000.000	140.000.000
Aðrar tekjur	3	<u>150.000.000</u>	<u>150.000.000</u>
Tekjur samtals		290.000.000	290.000.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	4	303.365.515	283.380.755
Annar rekstrarkostnaður	5	<u>2.455.457</u>	<u>1.941.350</u>
Gjöld samtals		305.820.972	285.322.105
Afkoma ársins		<u>(15.820.972)</u>	<u>4.677.895</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		(2.455.457)	(304.234.839)
Rekstrartilfærslur		(303.365.515)	0
Fjármagnstilfærslur		<u>290.000.000</u>	<u>308.912.734</u>
		<u>(15.820.972)</u>	<u>4.677.895</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	774.239.026	679.198.057
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	50.725
Handbært fé		757.525	3.503.663
Veltufjármunir samtals		<u>774.996.551</u>	<u>682.752.445</u>
Eignir samtals		<u>774.996.551</u>	<u>682.752.445</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		2.769.657	18.590.629
Bundið eigið fé		392.595.240	392.595.240
Eigið fé samtals		<u>395.364.897</u>	<u>411.185.869</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	344.697.654	233.621.576
Viðskiptaskuldir		0	37.945.000
Ýmsar skammtímaskuldir		34.934.000	0
Skuldir samtals		<u>379.631.654</u>	<u>271.566.576</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>774.996.551</u>	<u>682.752.445</u>
Aðrar upplýsingar	8		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(15.820.972)	4.677.895
		(15.820.972)	4.677.895
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		50.725	0
Tengdir aðilar		16.035.109	(6.931.648)
Skammtímaskuldir		(3.011.000)	5.063.187
		13.074.834	(1.868.461)
	Handbært fé frá rekstri	(2.746.138)	2.809.434
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(2.746.138)	2.809.434
		3.503.663	694.229
	Handbært fé í árslok	757.525	3.503.663

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárheimildir sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Framlög ríkissjóðs		
Fjárheimildir ársins	140.000.000	140.000.000
	<u>140.000.000</u>	<u>140.000.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu þeirra í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	(150.000.000)	0	290.000.000	140.000.000
Fjárveiting til tekna	(150.000.000)	0	290.000.000	140.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	147.544.543	(303.365.515)	0	(155.820.972)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(2.455.457)	(303.365.515)	290.000.000	(15.820.972)

	2019	2018
3 Aðrar tekjur		
Leyfisgjald HHÍ	150.000.000	150.000.000
	<u>150.000.000</u>	<u>150.000.000</u>

4 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	279.840.515	245.970.097
Rekstrartilfærslur aðrir	23.525.000	37.410.658
	<u>303.365.515</u>	<u>283.380.755</u>

5 Annar rekstrarkostnaður

Fundir, námskeið, risna	2.076	0
Sérfræðiþjónusta	2.341.865	1.941.350
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	490	0
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	111.026	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>2.455.457</u>	<u>1.941.350</u>

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	774.239.026	679.198.057
	<u>774.239.026</u>	<u>679.198.057</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	344.697.654	233.621.576
	<u>344.697.654</u>	<u>233.621.576</u>

Skýringar

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hrein eign	Bundið eigið fé	31.12.2019	31.12.2018
Jöfnuður 1.1.	18.590.629	392.595.240	411.185.869	406.507.974
Afkoma ársins	(15.820.972)	0	(15.820.972)	4.677.895
Jöfnuður 31.12.	2.769.657	392.595.240	395.364.897	411.185.869

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 392,6 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum. Að öðru leyti er ráðstöfun eigin fjár háð ákvæðum laga um opinber fjármál.

8 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði/xxx til ársloka 20xx og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu xx ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 8x6 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 8x8 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.